

Erindisbréf fyrir hafnastjórn Kópavogshafnar.

I. Kafli.

Skipan og umboð.

1. gr.

Bæjarstjórn skal á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum kjósa fimm aðalmenn í hafnastjórn og jafnmarga til vara skv. 4. gr. hafnarlaga nr. 61/2003 og er kjörtímabil hið sama og sveitarstjórnar.

2. gr.

Bæjarstjórn kýs formann úr hópi kjörinna hafnastjórnarmanna, en hafnastjórn skiptir að öðru leyti með sér verkum.

II. kafli.

Fundir og starfshættir.

3. gr.

Hafnastjóri er skipaður af hafnastjórn og fer hann með daglega stjórn hafnanna í umboði hafnastjórnar. Hann boðar fundi og undirbýr mál sem leggja á fyrir hafnastjórn, veitir viðtöku erindum til hennar og sér um framkvæmd samþykktar hafnastjórnar og veitir hafnastjórn og bæjarstjórn upplýsingar um málefni hafnanna, sbr. 4. gr. reglugerðar um Kópavogshöfn nr. 983/2005. Hann sér um að fjárhagsáætlun sé fylgt og ber ábyrgð á fjárreiðum hafnasjóðs. Hann er yfirmaður starfsmanna hafnanna og sér um ráðningu og uppsögn.

Formaður hafnastjórnar ber ábyrgð á því að samvinna sé á milli nefnda þegar það á við.

Fjöldi funda hafnastjórnar er ákvarðaður við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert.

Formanni stjórnarinnar er heimilt að taka ákvörðun um að fella niður fund ef hún byggir á málefnalegum ástæðum.

Stjórnarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli, svo sem önnur brýn skyldustörf eða veikindi. Geti stjórnarmaður ekki sótt fund skal hann boða varamann í sinn stað.

4. gr.

Til fundar telst löglega boðað hafi allir stjórnarmenn eða varamenn í forföllum aðalmanna, svo og aðrir sem seturétt eiga á fundinum, verið boðaðir með að minnsta kosti eins sólarhrings fyrirvara með skriflegri dagskrá.

Komi upp mál sem krefst skjótrar úrlausnar stjórnarinnar getur fyrirvari um boðun verið skemmri.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í stjórninni þótt það sé ekki tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver stjórnarmanna óskar þess.

Stjórnarfundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað og meira en helmingur stjórnarmanna er mættur á fundinn. Stjórnin getur enga bindandi ályktun gert nema fundur sé lögmætur.

5. gr.

Um fundarsköp og málsmeðferð í stjórninni, skv. IV. kafla samþykktar um stjórn Kópavogsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 538/2010, fer eftir því sem við á skv. II. og III. kafla.

Formaður hafnarstjórnar stýrir fundum.

Fundir hafnarstjórnar skulu jafnan haldnir fyrir luktum dyrum. Stjórnin getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn bæjarins. Enn fremur getur nefndin boðið aðilum að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekið mál.

Þeir sem sitja fundi hafnarstjórnar skulu gæta fyllsta trúnaðar um þau einkamál er rædd kunna að vera á fundum. Þagnarskylda helst þó látið sé af þessum störfum.

6. gr.

Hafnarstjórn skal halda gerðarbók og kjörinn ritari skal færa fundargerð í gerðabók. Um ritun fundargerðar gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnar, sbr. 32. gr. samþykktar um stjórn Kópavogsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 538/2010.

7. gr.

Hafnarstjórn skal við undirbúning mála og stjórnvaldsákvarðanir gæta þess að farið sé að stjórnarsýslulögum og verklagsreglum um stjórnarsýsluna.

III. kafli.

Hlutverk og markmið.

8. gr.

Hafnastjórn skal innan valdsviðs síns gæta hagsmuna Kópavogshafna og hefur umsjón með fjármálum, rekstri, viðhaldi og nýbyggingum hafnanna. Leita skal staðfestingar bæjarstjórnar á fjárhagsáætlun hafnasjóðs svo og langtímalántökum.

Hafnastjórn hefur ákvörðunarvald um rekstur hafnanna, svo sem ráðstöfun á aðstöðu, þ.m.t. leiga á húsnæði í eigu hafnanna og landi þeirra.

Hafnastjórn veitir leyfi til starfsemi á hafnasvæðunum og hefur vald til að banna eða takmarka afnot hafnasvæða fyrir starfsemi sem hún telur torvelda eðlilega hafnastarfsemi.

Hafnastjórn gerir tillögur til bæjarstjórnar varðandi skipulagsmál á hafnasvæðunum, enda hafi tillögurnar fengið umfjöllun skipulagsnefndar. Byggingarmál á hafnasvæðunum skulu hljóta umfjöllun hafnastjórnar áður en þau eru lögð fyrir bæjarstjórn.

9. gr.

Hafnastjórn skal í samræmi við 2. tl. 8. gr. hafnarlaga nr. 61/2003 semja gjaldskrá fyrir hafnirnar þar sem nánar er kveðið á um innheimtu gjalda samkvæmt þessari grein. Miða skal við að gjaldtaka standi undir rekstri hafnanna, sbr. 5. tl. 3. gr. hafnalaga, þ.m.t. fjármagnskostnaði, afskriftum, kostnaði við endurnýjun hafnanna og stofnkostnaði samkvæmt langtímaáætlun þeirra.

IV. kafli.

Hæfi og skyldur nefndarmanna.

10. gr.

Hafnastjórnarmanni ber að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af. Stjórnarmanni sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundarstað við meðferð og afgreiðslu þess. Stjórnarmanni sem veit hæfi sitt orka tvímælis ber að vekja athygli stjórnar á því.

Að öðru leyti vísast til ákvæða 19. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 og samþykktar bæjarstjórnar frá 12. maí 2009 um siðareglur kjörinna bæjarfulltrúa og stjórnenda.

11. gr.

Hafnarstjórn hlutast ekki til um daglegan rekstur og starfsemi þeirra stofnana sem heyra undir lögformlegt ábyrgðar- og eftirlitssvið hennar. Þá hefur stjórnin ekki boðvald yfir starfsfólki Kópavogshafnar.

V. kafli.

Gildistaka.

Erindisbréf þetta er sett skv. ákvæðum hafnarlaga nr. 61/2003, reglugerð fyrir Kópavogshöfn nr. 983/2005 og samþykkt um stjórn Kópavogsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 538/2010, sbr. br. nr. 217/2011 og tekur gildi 12. janúar 2012.